



Ársskýrsla 2023

Golfklúbbs Skagafjarðar

Efnisyfirlit

Skýrsla formanns	4
Skýrsla mótanefndar.....	8
Skýrsla vallarnefndar 2023.....	10
Skýrsla barna-og unglínganefndar GSS 2023	11
Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar	14
Lög Golfklúbbs Skagafjarðar	16
Stjórn og nefndir 2023	19
Stjórn og nefndir 2024 - tillaga.....	30
Tillaga aðalfundar að gjaldskrá 2024.....	30

Skýrsla formanns

Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2023 skipuðu: Róbert Óttarsson formaður, Helga Jónína Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason ritari, Aldís Hilmarsdóttir formaður mótanefndar, Unnur Ólöf Halldórsdóttir formaður barna- og unglínganefndar, Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar og Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason

Golfárið 2023 var mjög gott hjá klúbbum okkar. Félagatölur eru nokkuð svipaðar fyrir árið í ár og hafa verið undanfarin ár, fjölgun er hægt en nokkuð örugg en í dag eru félagar klúbbsins 272 talsins.

Nýtingin á vellinum hefur verið mjög góð í ár og mikill fjöldi gesta sem heimsótt hafa klúbbin. Mikil ánægja var með völinn þetta sumarið og golfsvæðið í heild sinni. Veðrið var okkur nokkuð gott í sumar sem er hjálplegt hvað ásókn varðar. Við opnuðum völinn mjög snemma í ár eða í lok apríl og hafa kylfingar verið duglegir að nýta sér völinn langt inn í haustið, enda eins og áður segir er völlurinn frábær. Rekstur klúbbsins er nokkuð góður eins og sjá má á rekstartölunum.

Þróun golfklúbbsins hefur verið góð síðust ár með fjölgun félaga og auknum áhuga og metnaði fyrir íþróttinni. Barna og unglíngastarf í GSS er til fyrirmyndar og sennilega ekki margir klúbbar af sömu stærðargráðu sem geta státað af jafn öflugum og vel sóttu barnastarfi, sem stýrt ef af áhugasömum og metnaðarfullum þjálfara eins og tilfellið er í okkar klúbbi. Metnaðarfullt starf hefur skilað sér í auknum áhuga og árangri barna og unglínga.

Félgsstarfið almennt í klúbbum er nokkuð gott, en má alltaf bæta og er það eitt af okkar sóknarfærum á næstu árum. Kynna þarf fleirum hversu frábært það er að spila golf, geta notið útivistar í góðum félagsskap og sinnt heilsunni í leiðinni. Ein leið til þess að kynna fleirum golfíþróttina væri að skapa fleiri tækifæri þar sem vanir spila með óvönum og jafnvel að golfspilarar klúbbsins spili með spilurum sem þeir spila sjaldan eða aldrei með. Með þeim hætti gætum við bæði elft tengsl og vináttu innan klúbbsins sem og boðið nýja meðlii sérstaklega velkomna.

Eitt af þeim verkefnum sem félagar klúbbsins tóku þátt í á vordögum var umhverfisdagur FISK, þáttaka okkar félaga var frábær og dagurinn mjög skemmtilegur í alla staði.

Starfsmenn

Guðmundur Þór Árnason vallarstjóri vann gott starf að venju ásamt vallarstarfsmönnum en það voru þeir Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Árni Tumi Reynisson, Bogi Sigurbjörnsson, Brynjar Guðmundsson, Tómas Bjarki Guðmundson og Una Karen Guðmundsdóttir var í hluta starfi á velli. Atli Freyr Rafnsson PGA nemi sá um þjálfun barna og unglunga. Aðstoðarþjálfarar voru Gígja Rós Bjarnadóttir, Dagbjört Sísi Einarsdóttir og Una Karen Guðmundsdóttir. Verslunarstjóri í skála var Karen Lilja Owolabi. Hún sá um mönnun vakta, innkaup, uppgjör, þrif o.fl. Einnig voru margir ótaldir sjálfboðaliðar sem unnu mikið og gott starf í þágu klúbbsins þetta starfsár.

Þjálfun

Atli Freyr Rafnsson, verðandi PGA þjálfari, sinnti barna – og unglungastarfi í sumar. Honum til aðstoðar voru þær Dagbjört Sísi, Gígja Rós og Una Karen. Barna – og unglungastarf klúbbsins var til mikillar fyrirmyndar í sumar og var árangur góður. Nýliðanámskeiðið gekk einnig vel og var mjög góð þátttaka að vanda. Óhætt er að segja að framtíð klúbbsins sé björt hjá okkur í klúbbum og tækifærin til enn frekari þróunar og bætingar mörg.

Skálinn

Golfskálinn er félagsaðstaða GSS og afdrep fyrir börn og unglunga milli æfinga. Í skálanum koma kylfingar saman þegar mót eru haldin. Sjoppan var opin í sumar frá kl. 10:00 – 18:00 að jafnaði. Opnunartími var lengri þá daga sem mót voru haldin. Því miður verður að segjast að þessi aðstaða okkar er orðin mjög þreytt þrátt fyrir mikla jákvæðni og þolinmæði klúbbsfélaga.

Aðsókn á völlinn

Völlurinn var vel sóttur í sumar. Bókaðir hringir voru 9949 talsins á tímabilinu maí – september. 5589 af þessum hringjum voru leikhringir en 4360 voru mótshringir. Það má lesa í þessar tölur að völlurinn hafi verið nokkuð vel notaður. Þrátt fyrir góða notkun er vert að taka fram að allt og margir spila völlinn án þess að skrá, sem er mjög slæmt fyrir klúbbinn. Mikilvægt er fyrir klúbbinn að sýna fram á raunverulega nýtingu á svæðinu og geta þannig rökstutt þá miklu þörf sem er á auknu fjármagni til þess að bæta aðstöðuna okkar á svæðinu.

Árshátíð

Árshátíð GSS árið 2023 var haldin í Ljósheimum í beinu framhaldi af meistaramóti. Árshátíðin tókst vel þrátt fyrir að þátttaka hefði mátt vera betri. Engu að síður skemmtu sér allir vel og fallega saman. Arnar Freyr Guðmundsson sá um að spila og syngja fyrir gesti og náði hann upp mjög góðri stemmingu.

Framtíð Hlíðarendavallar

Eitt af verkefnum þessarar stjórnar á starfsárinu hefur verið að vinna að bættum húsnæðismálum klúbbsins. Völlurinn er eins og áður sagði í afar góðu standi og hefur sjaldan litið betur út. Á sama tíma er húsnæði klúbbsins orðið afar þreytt og lúið. Ljóst er að kostnaðarsamt er að fara í þær lagfæringar og viðgerðir sem liggja fyrir á núverand húsnæði verði það gert og sömuleiðis er ljóst að húsnæðið er orðið of lítið og er hamlandi þegar stærri mót innan klúbbsins eru haldin eða vel er mætt á völlinn. Ljóst er að klúbburinn þarf að fara af fullum krafti í að skoða hvað leiðir eru bestar varðandi húsnæðismál og er sú vinna hafin hjá stjórn.

Íslandsmót

Karla - og kvennasveit klúbbsins kepptu á Íslandsmóti í sumar. Árangur beggja sveita var algerlega til fyrirmyndar og vakti verðskuldaða athygli.

Kvennasveit GSS stóð sig frábærlega á Íslandsmóti golfklúbba 1. deildar í sumar. Sveitin hélt sæti sínu enn og aftur í efstu deild. Sveitina skipuðu: Anna Karen Hjartardóttir, Árný Lilja Árnadóttir, Gígja Rós Bjarnadóttir, Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Dagbjört Sísi Einarsdóttir, Hildur Heba Einarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir og Una Karen Guðmundsdóttir. *Liðsstjóri* var Telma Ösp Einarsdóttir.

Karlasveit GSS fór einnig á Íslandsmót golfklúbba og keppti í 2. deild karla í sumar. Sveitina skipuðu: Arnar Geir Hjartarson, Atli Freyr Rafnsson, Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Ingvi Þór Óskarsson og Jóhann Örn Bjarkason, Þórleifur Karlsson. *Liðsstjóri* var Andri Þór Árnason og aðstoðar liðsstjóri var Elvar Ingi Hjartarson. Keppnin var hörð og komst sveitin í undanúrslit og endaði í 4. sæti.

Kvennamót

Kvennamótið er frábært framtak og hvatning til allra kvenna til þátttöku í því góða starfi sem fram fer í klúbbum. Kvennamót GSS fór fram á Hlíðarendavelli laugardaginn 1. Júlí og þá í tuttugasta skipti. Á mótinu spiluðu 62 konur víðsvegar af landinu. Glæsilegt vinningahlaðborð var í boði fyrirtækja í Skagafirði. Stjórn klúbbsins sendir bestu þakkir til allra styrktaraðila, þátttakenda og GSS kvenna sem sáu um skipulagningu og framkvæmd mótsins.

Golfhermir

Golfhermirinn, sem allir geta verið sammála um að er frábær viðbót fyrir íþróttina og alla golfara í Skagafirði. Engu að síður er mikilvægt að hermirinn virki sem skyldi og sé aðgengilegur öllum þeim sem kjósa að nýta hann. Einhverjar bilanir hafa verið á herminum en unnið er hörðum höndum að því að koma honum í gott lag.

Stefnt er að því að vera með viðburði á Flötinni á komandi vetri, sem vonandi verður tækifri frábær fyrir félag að hittast og gera eitthvað skemmtilegt saman yfir veturinn. Einnig er fyrirhugað að mynda umsjónarhóp með flötinni sem hefði það hlutverk að sjá til þess að aðstaðan sé hrein og snyrtileg og allt sé þar í lagi.

Stuðningsaðil

Sveitarfélagið Skagafjörður styður vel við GSS. Í dag eru í gildi þrír samningar við sveitarfélagið til ársins 2024. Í fyrsta lagi er um að ræða samning um stuðning við rekstur, í öðru lagi samning um slátt á íþróttavelli og í þriðja lagi samning um slátt á opnum svæðum á Sauðárkróki.

AVIS var einnig styrktaraðili við klúbbinn annað árið í röð, nógildandi styrkur stækkaði nokkuð vel fyrir yfirstandi tímabil og vonandi mun AVIS halda áfram samstarfi.

Mörg góð fyrirtæki styðja þar að auki við klúbbinn með ýmsum hætti. Fyrir hönd GSS þakka ég sveitarfélaginu, fyrirtækjum og stofnunum kærlega fyrir stuðninginn á árinu.

Minning um féлага

Í ár hafa góðir félagar fallið frá. Stefán Pedersen, eða Stebbi Ped eins og félagar þekkja hann, lést 9. sept. sl. Sigmundur Guðmundsson, eða Simmi í bankanum, lést 19. okt. sl. Alltaf er mikil eftirsjá af góðum fálögum klúbbsins. Einnig má þess geta að sonur Stefáns, Árni R. Stefánsson, hafði sambandi við stjórn og óskaði eftir því að færa klúbbum golfbíl föður síns að gjöf.

Fjölskylda Sigmundar hafði sömuleiðis samband við stjórn og með þeirri ósk að við útför Sigmundar yrðu blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vildu minnast Sigmundar myndu styrkja Golfklúbb Skagafjarðar. Eiga þessar fjölskyldur báðar sérstakar þakkir fyrir mikla hugulsemi í garð klúbbsins

Lokaorð

Staða klúbbsins í dag er góð, aðstaðan er góð, barna – og unglingsstarf afar blómlegt og árangur í sveitarkeppnum til fyrirmyndar. Einnig hefur fram komið að félögum hefur fjölgað á starfsárinu. En þrátt fyrir góðan árangur og fjölgun félaga er mikilvægt að hafa í huga að Golfklúbbur Skagafjarðar er minni klúbbur sem byggir á sjálfbærastarfi og virkri þátttöku félaga. Án sjálfbærlíða væri klúbbur sem þessi ekki til og því sérlega mikilvægt að allir komi að starfi innan klúbbsins með einum eða öðrum hætti ef vilji er til að sjá hann stækka og dafna. Ég vil nýta tækifærið og þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg á starfsárinu innilega fyrir þeirra framlag. Það hefur verið bæði ánægjulegt og gefandi að starfa með ykkur öllum á liðnu ári og vonast ég til þess að við höldum áfram okkar góða starfi. Það eru mörg tækifæri og frábær efniviður innan klúbbsins, höldum áfram að byggja upp og gerum gott enn betra.

Ég vil þakka öllum félagsmönnum, stjórn og starfsmönnum fyrir gott og gefandi ár með tilhlökkun til framhaldsins.

Gleðilegt nýtt golfár.

Róbert Óttarsson

Formaður GSS

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd: Aldís Hilmarsdóttir formaður, Halldóra Andrésdóttir Cuyler, Hanna Dóra Björnsdóttir og Hákon Ingi Rafnsson.

Sumarið 2023 voru haldin 37 mót hjá GSS og var fjöldi skráninga samtals 1152 sem er mikil aukning frá fyrra ári en þá voru skráningar í mót alls 912. Mótanefndin stóð fyrir 23 mótum af þessum 37 með 798 skráningar en það er tæplega 38% fjölgun í þátttöku frá fyrra ári þegar skráningar voru 579.

Önnur mót, 14 talsins, voru í umsjá annarra nefnda s.s. Hard Wok mótaröðin sem nýliðanefnd stóð fyrir, barna og unglíngamót sem barna og unglínganefnd stóð fyrir svo ekki sé minnst á fjölmennt Kvennamót sem haldið var í 20. skipti, en alls 62 konur tóku þátt. Unglíngalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki í sumar og kepptu 45 unglíngar víðsvegar af landinu í golfi á Hlíðarendavelli.

Yfirlit yfir mót í umsjá mótanefndar sumarið 2023:

Upphafsdags.:	Mót:	Þátttakendur:
3. júní	Opna KS mótið Texas Scramble	48
7. júní	KKS - Mótaröðin 1	36
11. júní	Opna Jómfrúarmótið 2023	44
14. júní	KKS - Mótaröðin 2	42
21. júní	KKS - Mótaröðin 3	22
24. júní	Opna Hlíðarkaupsmótið 2023	55
28. júní	KKS - Mótaröðin 4	29
30. júní	Meistaramót GSS í holukeppni 2023	32
3. júlí	Meistaramót GSS 2023	57
12. júlí	KKS - Mótaröðin 5	26
19. júlí	KKS - Mótaröðin 6	42
20. júlí	Styrktarmót fyrir kvennalið Tindastóls	22
22. júlí	Opna AVIS mótið 2023	35
26. ágúst	Ostakörfumót	20
2. ágúst	KKS - Mótaröðin 7	29
6. ágúst	Opna Steinullarmótið 2023	60
9. ágúst	KKS - Mótaröðin 8	33
16. ágúst	KKS - Mótaröðin 9	25
20. ágúst	ROTARY umdæmisþing opið mót	25
23. ágúst	KKS - Mótaröðin 10	26
26. ágúst	Opna Advania mótið 2023 (Betri bolti)	24
30. ágúst	Aukamót 1	25
2. september	Golfmót framhaldsskólustarfsmanna 2023	41
Alls	23	798

Úrslit allra móta má sjá á golf.is

Nýr styrktaraðili, Kjötafurðastöð KS, kom að miðvikudagsmótaröðinni og breyttist því nafn hennar í KKS - mótaröðin. Mótaröðinni lauk með pizzaveislu og verðlaunaafhendingu á Kaffi Króki. Sigurvegarar mótaráðarinnar voru Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir (kvennaflokkur), Eyþór Ernir Oddsson (karlaflokkur) og Arnar Geir Hjartarson (opinn flokkur án fgj.).

Alls voru 32 þátttakendur skráðir til leiks í Holukeppninni en ólíkt flestum öðrum mótum þá gildir full forgjöf kylfings (hámark 36) og er þetta því tilvalið mót fyrir alla félagi. Sigurvegari holukeppninnar 2023 var Ragnar Ágústsson.

Meistaramót barna og fullorðinna var sameinað í eitt mót sem fram fór dagana 3. – 8. júlí. Keppt var í nokkrum flokkum en þátttakendur voru alls 57. Lokahóf mótsins fór fram á árshátíð GSS sem var haldin í Ljósheimum. Klúbbmeistarar 2023 eru þau Arnar Geir Hjartarson og Anna Karen Hjartardóttir.

Mótanefnd þakkar félagsmönnum fyrir góða þátttöku og drengilega keppni og einnig viljum við þakka sjálfboðaliðum sem komu að dómgæslu og vallarstarfsmönnum fyrir góða vinnu.

F.h. mótanefndar,
Aldís Hilmarsdóttir

Skýrsla vallarnefndar 2023

Völlurinn kom vel undan vetri og var hann snemma orðinn iðagrænn og fallegur.

Við opnuðum inn á æfingarflötina og er hún vel heppnuð, hún á eftir að nýtast okkur vel í framtíðinni bæði til kennslu og æfinga. Reistum við mikinn skjólvegg við flötina sem við stefnum á að klára næsta sumar og vonadi verður hann gott skjól fyrir norðanáttinni. Farið var í að betrumbæta rauðu teigana á 1 og 9. Braut og tóku félagsmenn vel við sér síðsumars þegar ræst var út í þökulögn á teigana og við æfingarflötina. Farið var í að laga girðinguna við 2. og 3. braut og er hún orðin



fjárheld en það er kominn tími á að fara í allsherjar betrum bætur á girðingunum í kringum völlinn og sjáum við fram á þónokkurn kostnað í kringum það og vinnu.

Eins og undanfarin ár hefur verið þónokkuð klippt af trjágróðri á vellinum og hefur Sigurjón Gests verið afkastamikill í því starfi. Fjölmarginir sáu sér fært að mæta og hjálpa til við hin ýmsu verk á vellinum og er það ekki sjálfgefið að fólk sé tilbúið að rjúkja til og mæta í öllum veðrum til að gera völlinn og aðstöðuna sem besta. Annars eiga Guðmundur Árnasson og hans menn allan heiður af því að völlurinn okkar er eins góður og hann er. Þeir eru tilbúnir að mæta á öllum tímum sólahringsins til að slá, vökva eða hreinsa æfingarsvæðið ef þarf. Það krefts alveg svakalega mikillar vinnu að halda vellinum svona góðum og erum við gríðalega heppinn með starfsfólk bæði á vellinum og í skálanum. Mikið var um gesti á vellinum í sumar og er gaman að sjá að hann hefur aðdráttarafi í sveitafélagið okkar. Er það nánast undantekningarlaust þegar maður gefur sig á tal við gesti að þeir hrósa vellinum.

Vil ég fyrir hönd vallarnefndar þakka Mugg og hans mönnum fyrir vel unnin störf einnig sjálfboðaliðunum sem komu og hjálpuðu til í sumar.

Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar

Skýrsla barna-og unglínganefndar GSS 2023

Í nefndinni störfuðu Unnur Ólöf Halldórsdóttir formaður, Eyþór Oddsson, Guðmundur K Hermundsson og Sólborg S. Borgarsdóttir.

Síðastliðinn vetur hófust æfingar í nóvember. Tómas Bjarki og Una Karen sáu um golfkennsluna í samráði við Atla Frey sem var með þeim á æfingum þegar hann var á svæðinu. Æfingar voru einu sinni í viku út maí eða þangað til sumarstarfið hófst.

Golfskólinn hófst svo í byrjun júní en Atli Freyr Rafnsson sá um golfkennslu og þjálfun allra barna frá 6 ára aldri. Honum til aðstoðar í sumar voru Berglind Rós Guðmundsdóttir, Dagbjört Sísí Einarisdóttir, Gígja Rós Bjarnadóttir og Tómas Bjarki Guðmundsson. Um 50 börn og unglíngar stunduðu golfæfingar í sumar í lengri eða skemmri tíma.

Nýprent mótið var haldið sunnudaginn 4. júní en þátttakendur voru alls 42 og komu frá Akureyri, Dalvík og Skagafirði. Nýprent mótið var fyrsta mótið í norðurlandsmótaröðinni sem er samstarfsverkefni GSS, GA, GHD, og GFB. Í sumar átti GSS alls 18 keppendur í mótaröðinni og stóðu þau sig öll með þryði. Anna Karen Hjartardóttir varð Norðurlandsmeistari í flokki 15-18 ára stúlkna.

Íslandsmót golfklúbba 17-21 árs var haldið á Selfossi 20-23. Júní, en GSS sendi eina sveit sem var skipuð þeim Önnu Karen Hjartardóttur, Brynjari Má Guðmundssyni, Hildi Hebu Einarisdóttur, Tómasi Bjarka Guðmundssyni og Unu Karen Guðmundsdóttur. Liðsstjóri var Atli Freyr Rafnsson.

GSS sendi í fyrsta skipti sveit á Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri, en í ár var mótið haldið hjá þremur golfklúbbum á höfuðborgarsvæðinu GKG, GK og GR og fór fram dagana 25.-27. ágúst. Sveit GSS skipuðu þeir Brynjar Morgan Brynjarsson, Gunnar Atli Þórðarson, Grétar Freyr Pétursson, Karl Goðdal Þórleifsson, Ólafur Bjarni Þórðarson og Sigurbjörn Darri Pétursson. Atli Freyr var liðsstjóri. Strákarnir spiluðu í 2. deild og gerðu sér lítið fyrir og unnu deildina.

Báðar þessar sveitir voru klúbbum sínum til mikils sóma bæði innan vallar sem utan.

Í sumar tóku þær Anna Karen, Dagbjört Sísí og Una Karen þátt í Íslandsmótum unglínga í sínum aldursflokkum, en þær Anna Karen og Una Karen náðu líka lágmarki inn á Íslandsmót fullorðinna í höggleik.

Meistaramót GSS var haldið dagana 3.-4. Júlí. Keppt var í þremur flokkum: 8 ára og yngri, 14 ára og yngri drengjaflokkur og 14 ára og yngri stúlknaflokkur, 14 krakkar tóku þátt og úrslitin voru eftirfarandi:

U8. Spiluðu tvo daga á gullteigum

1. Daníel Smári Kristjánsson
2. Orri Freyr Ívarsson
3. Davíð Örn Kemp.

U14 drengir spiluðu tvo daga á rauðum teigum

1. Brynjar Morgan Brynjarsson
2. Gunnar Atli Þórðarson
3. Grétar Freyr Pétursson
4. Karl Goðdal Þórleifsson
5. Ólafur Bjarni Þórðarson
6. Sigurbjörn Darri Pétursson
7. Gunnar Ingi Sigurðsson
8. Víkingur Týr Thorlacius

U14 Stúlkur spiluðu tvo daga á rauðum teigum

1. Nína Júlía Þórðardóttir
2. Nína Morgan Brynjarsdóttir
3. Hrafnhildur Kara Halldórsdóttir

Að auki tóku 10 unglingar þátt í meistaramóti fullorðinna þar sem þau stóðu sig öll mjög vel.

Meistaraflokkur kvenna

1. Anna Karen Hjartardóttir
2. Una Karen Guðmundsdóttir
3. Hildur Heba Einarsdóttir
4. Dagbjört Sísí Einarsdóttir

Meistaraflokkur karla

6. Tómas Bjarki Guðmundsson

1.flokkur Kvenna

5. Gígja Rós Bjarnadóttir

1.flokkur Karla

5. Brynjar Már Guðmundsson
9. Markús Máni Gröndal
12. Alexander Franz Þórðarson

Háforgjafaflokkur

1. Berglind Rós Guðmundsdóttir

Þann 9. júlí var verðlaunaafhending fyrir Meistaramót GSS barna og unglunga. Góð mæting var á verðlaunaafhendinguna, en haldin var þúttkeppni. Að þúttmótinu loknu var verðlaunaafhendingin, annars vegar fyrir frammistöðu dagsins og hinsvegar fyrir meistaramótið. Að verðlaunaafhendingu lokinni gæddu börn og foreldrar sér á pizzum frá Hard Wok og svo var boðið upp á íspinna á eftir.

Krakkarnir okkar voru mjög duglegir að taka þátt í þeim mótum sem klúbburinn hélt í sumar og stóðu sig mjög vel.

Barna og unglinganefnd þakkar þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu í starfinu í sumar, stjórn klúbbsins sem studdi okkur dyggilega, foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum. Öflugt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða gerir okkur kleift að halda úti öflugum barna- og unglingastarfi og vonum við að svo verði áfram.

Við viljum þakka þeim Atla Frey, Berglindi Rós, Dagbjörtu Sísí, Gígju Rós, Tómasi Bjarka og Unu Karení kærlega fyrir þjálfunina á árinu, þau sinntu henni vel og ungu kylfingarnir okkar voru duglegir að mæta á æfingar hjá þeim og ekki annað að sjá en að þau skemmtu sér vel og sýndu mjög miklar framfarir.

Fyrir hönd Barna og unglinganefndar

Unnur Ólöf Halldórsdóttir



Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar

Nefndina skipuðu Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Díana Dögg Hreinsdóttir, Erna Baldursdóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir og Hafdís Skarphéðinsdóttir.

Við byrjuðum sumarið á því að halda nýliðanámskeið sem Atli Freyr Rafnsson og Árný Lilja Árnadóttir sáu um eins og undanfarin ár og þökkum við þeim kærlega fyrir það. Eftir mikla fjölgun nýliða í klúbbnum þá hægði aðeins á henni í sumar, sem er ekkert óeðlilegt. Engu að síður voru 14 þátttakendur á nýliðanámskeiðinu, þar af voru nokkrir sem voru að fara annað sinn. Í lok námskeiðsins héldum við vanur/óvanur mót sem tókst mjög vel sem og endranær. Það er frábært að sjá og finna hversu auðvelt það er að fá vana kylfinga í klúbbnum okkar til að taka þátt og spila með nýliðunum og fyrir það ber svo sannarlega að þakka. Eftir mótið var boðið upp á pitsur og franskar frá Hard Wok. Leikfyrirkomulagið í mótinu var þannig að báðir aðilar tóku upphafshögg, betri boltinn var valinn og síðan var slegið til skiptis þar til boltinn var kominn ofan í holuna. Sigurvegarar í mótinu voru Jón Ingi Sigurðsson og Hákon Ingi Rafnsson á 49 höggum, í 2.sæti voru Hrönn Pálmadóttir og Tómas Bjarki Guðmundsson á 50 höggum og í 3.sæti á 51 höggi voru Lee Ann Maginnis og Andri Þór Árnason.

Undanfarin sumur höfum við haldið gullteigamót fyrir nýliðana, ekkert mót var haldið að þessu sinni. Gerð var tilraun til að halda gullteigamót, bæði var veðrið ekki með besta móti og skráning var lítil sem enginn. Einnig voru margir á þessu námskeiði komnir lengra en það að fara að spila á gullteigum. Margir voru farnir að taka þátt í háförgjafarmótunum og orðnir duglegir við að fara út á völl að spila.

Helsta verkefni nefndarinnar er að sjá um Hard Wok háförgjafarmótin. Haldin voru 10 mót sem Hard Wok styrkti með miklum myndarskap og þökkum við kærlega fyrir það. Það voru 8 mismunandi sigurvegarar í mótunum 10. Þeir voru; Kristinn Brynjólfsson, Gígja Rós Bjarnadóttir, Guðmar Freyr Magnússon, Valborg Hjálmarsdóttir, Hera Birgisdóttir og Bjartmar Dagur Þórðarson. Hanna Dóra Björnsdóttir og Berglind Rós Guðmundsdóttir sigruðu síðan í 2 mótum hver. Spilamennskan í mótunum var oft á tíðum frábær, sigurvegarinn var með 20 punkta eða meira og oft voru fleiri en vinningshafinn á svipuðum stað. Boðið var upp á Vöffflur eftir eitt mótið og eftir síðasta mótið var boðið upp á frábæran mat frá Hard Wok. Í eftirrétt var síðan marengsterta og Marsipan kökur sem Hafdís Skarphéðinsdóttir og Guðrún Björg Guðmundsdóttir áttu heiðurinn af.

Þátttakan í mótunum á ár var mjög góð eins og hún hefur verið undanfarin ár. Margir tóku þátt í sínu fyrsta háförgjafarmóti og það er alltaf gaman að taka á móti nýjum þátttakendum sem bætast í frábæran hóp sem fyrir er. Við héldum áfram að bjóða þeim kylfingum sem eru með lægra en 30 í forgjöf að taka þátt í mótunum en þeir geta ekki unnið til verðlauna. Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þennan kost þar sem heilu fjölskyldurnar eru stundum að taka þátt saman og svo er einnig gott fyrir nýliða að spila með þeim sem betri eru. Jú, maður lærir oft af þeim sem betri eru.

Þetta var gott golfsumar, þar sem allir sýndu einhver góð tilþrif og skemmtu sér vel í góðum félagsskap, þó að golfið væri ekki alltaf upp á 10. Það verður spennandi að sjá hvað næsta sumar hefur upp á að bjóða.

F.h. Nýliða- og kynningarnefndar

Dagbjört Rós Hermundsdóttir

Lög Golfklúbbs Skagafjarðar

1. grein

Félagið heitir Golfklúbbur SKagafjarðar. Heimilisfang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að GSÍ og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2. grein

Við golfleik skal á svæði/ velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

3. grein

Félagið er öllum opið.

4. grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

5. grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypis aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

6. grein

Stjórn klúbbsins skipa átta einstaklingar: Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og formenn mótanefndar, vallarnefndar, barna- og unglínganefndar og kynningar- og nýliðanefndar. Þeir eru kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, fjórir á aðalfundi 2020, þrjú á aðalfundi 2021. Einnig skal kjósa þrjú varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Ekki eru takmörk á því hversu oft má kjósa sama einstakling til setu í stjórn.

Ákvæði til bráðabirgða: Á aðalfundi 2020 skal kjósa til tveggja ára formenn móta-, vallarog kynningar- og nýliðanefnda og gjaldkera. Síðan skal á aðalfundi 2021 kjósa til tveggja ára formann barna- og unglínganefndar, varaformann og ritara og síðan koll af kolli.

7. grein

Stjórn ákveður sjálf starfstílhögun sína. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórn kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykkt félags- eða aðalfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér.

Stjórn skal boða til félagsfundar með sama hætti og til aðalfundar ef 15% félagsmanna krefjast þess skriflega eða á annan sannanlegan hátt. Berist krafa um boðun félagsfundar skal hann haldinn innan sjö daga frá því að slík krafa berst.

Stjórn getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórn skal rækta samband við klúbbsfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

8. grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, vallarnefnd, forgjafarnefnd, aganefnd, barna- og unglinganefnd, kynningar- og nýliðanefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera þrír til fimm einstaklingar, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum GSÍ en aðrar samkvæmt fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar. Stjórn hefur heimild til að skipa aðrar nefndir eins og henta þykir. Nefndir skulu skila stjórn yfirliti yfir störf liðins starfsárs eigi síðar en 30. október ár hvert.

9. grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar klúbbsins fyrir 1. nóvember ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

10. grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

11. grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9. grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing GSÍ og þing UMSS.
8. Ákvörðun félagsgjalda.
9. Önnur mál.

12. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

13. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

Þannig samþykkt á aðalfundi 30. nóvember 2020.

Stjórn og nefndir 2023

Formaður, 2023: Róbert Óttarsson

Varaformaður, 2022-2023: Helga Jónína Guðmundsdóttir ^(2/2)

Ritari, 2022-2023: Andri Þór Árnason ^(1/2)

Gjaldkeri, 2022 -2023: Kristján Eggert Jónasson ^(1/2)

Varamenn í stjórn:

Hjalte Árnason

Guðmundur Ragnarsson

Róbert Óttarsson

Mótanefnd:

Aldís Hilmarsdóttir, form. 2022-2023 ^(2/2)

Halldóra Andrésdóttir Cuyler

Hanna Dóra Björnsdóttir

Hákon Ingi Rafnsson

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2022-2023 ^(1/2)

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Unglinganefnd:

Unnur Ólöf Halldórsdóttir form. 2023 ^(1/2)

Eyþór Oddsson

Guðmundur K. Hermundsson

Sólborg S. Borgarsdóttir

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður 2022-2023 ^(2/2)

Díana Dögg Hreinsdóttir

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Sveitastjórar:

Karlasveit: Andri Þór Árnason

Kvennasveit: Telma Ösp Einarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

Stjórn og nefndir 2024 - tillaga

Formaður, 2024: Róbert Óttarsson

Varaformaður, 2023-2024: Aldís Hilmarsdóttir ^(1/2)

Ritari, 2023-2024: Andri Þór Árnason ^(2/2)

Gjaldkeri, 2023 -2024: Kristján Eggert Jónasson ^(1/2)

Varamenn í stjórn:

Atli Freyr Rafnsson

Hlynur Freyr Einarsson

Sigríður Elín Þórðardóttir

Mótanefnd:

Hanna Dóra Björnsdóttir, form. 2023-2024 ^(1/2)

Halldóra Andrésdóttir Cuyler

Hákon Ingi Rafnsson

Kristinn Brynjólfsson

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2021-2022 ^(2/2)

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Unglinganefnd:

Unnur Ólöf Halldórsdóttir form. 2024 ^(2/2)

Eyþór Oddsson

Guðmundur K. Hermundsson

Sólborg S. Borgarsdóttir

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður 2021-2022 ^(2/2)

Díana Dögg Hreinsdóttir

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Sveitastjórar:

Karlasveit: Andri Þór Árnason

Kvennisveit: Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Pétur Friðjónsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason

Sigríður Ellen Arnadóttir

Tillaga aðalfundar að gjaldskrá 2024

Félagsgjöld	2023	Inneign í sjoppu	Samtals 2023	2024	Inneign í sjoppu	Samtals 2024
Fjölskyldugjald	122.500	10.000	132.500	122.500	10.000	132.500
Hjónagjald	105.000	10.000	115.000	105.000	10.000	115.000
Hjónagjald 67 og eldra	78.750	10.000	88.750	78.750	10.000	88.750
Einstaklingsgjald	70.000	5.000	75.000	70.000	5.000	75.000
Einstaklingsgjald 67 og eldra	52.500	5.000	57.500	52.500	5.000	57.500
17-26 ára	38.500		38.500	38.500		38.500
13-16 ára	31.500		31.500	31.500		31.500
12 ára og yngri	24.500		24.500	24.500		24.500
Byrjendagjald fjölskyldu	73.500	10.000	83.500	73.500	10.000	83.500
Byrjendagjald hjóna	63.000	10.000	73.000	63.000	10.000	73.000
Byrjendagjald einstaklings	42.000	5.000	47.000	42.000	5.000	47.000
Aukaaðild hjóna	63.000	10.000	73.000	63.000	10.000	73.000
Aukaaðild einstaklings	42.000	5.000	47.000	42.000	5.000	47.000

Skápaleiga	15.000		15.000	15.000		15.000
------------	--------	--	--------	--------	--	--------

Nokkur atriði varðandi gjaldskrá og réttindi:

- Golfskóli er innifalinn í árgjaldi (þ.m.t. fjölskyldugjaldi) fyrir 16 ára og yngri
- Börn sem eru ekki í félaginu borga sérstaklega fyrir golfskólann 10 þús. kr. fyrir mánuðinn.
- Aukaaðild gerir kröfu um að viðkomandi sé félagi í aðalklúbbi og veitir fullréttindi í félagsstarfinu.
- Fjölskyldugjald er í boði fyrir fólk með börn á framfæri, 16 ára og yngri
- Mótanefnd getur heimilað kylfingi sem er utan klúbba að taka þátt í keppni án forgjafar og greiðir viðkomandi þá 1.000 krónu álag á mótsgjaldið
- Félagsgjöld verða innheimt með 5 jöfnum mánaðarlegum greiðslum (janúar til maí)

Vallargjöld	2023	2024
Vallargjald einstaklings	5.000	6.000
Vallargjald hjóna	7.500	9.000
16 ára og yngri greiða hálfvallargjald		
Helgarpassar og vikugjöld eru aflögð		

Önnur gjöld	2023	2024

Leiga á kyflfum	2.000	2.000
Leiga á kerru	500	500
Hópur lokar velli 2,5 klst	90.000	90.000
Hópur lokar velli 5 klst	160.000	160.000

Golfskáli að Hlíðarenda og veitingar eru ekki innifaldar í gjaldi ef hópur lokar velli í tiltekin tíma

Vallargjald er óháð fjölda hola sem leiknar eru.